

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi löbylisins Lindarsels.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir hesthús/geymslu færist til suðvesturs frá háspennulínunum. Einnig eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum og þær helstu eru að auk hesthúss er gert ráð fyrir fjárhúsi og að mannvirki byggingarreitir megi vera allt að 1.000 m² í stað 300 m². Þá mega hús vera tvær hæðir en ekki ein og tekin eru út ákvæði um byggingarefni húsa, auk þess sem ekki er lengur gert ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir öll hús innan deiliskipulagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. júní 2015.

2. *Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Flúðum, gámasvæði.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun núverandi móttökusvæðis fyrir úrgang og sorp úr 0,7 ha í 3 ha. Auk móttöku og flokkunar sorps er gert ráð fyrir meðhöndlun á lífrænum úrgangi, nánar tiltekið allt að 400 tonnum af seyru sem verður hreinsuð og breytt í áburð til landgræðslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. júní 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. júlí 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.